

Undanþága.

7. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Viðurlög.

8. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Gildistaka.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. september 2004.

Samkeppnisstofnun, 14. maí 2004.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 473/2001, um námskeið
og próf fyrir viðurkennda bókara.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Námskeiðið skiptist í þrjá áfanga, I. áfanga, reikningshald, II. áfanga, upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi og III. áfanga, skattskil. Miða skal við að kennslan á námskeiðinu skuli vera samtals 106 klst. Prófnefnd ákveður í hvaða röð áfangarnir eru kenndir á námskeiðinu og vægi hvers áfanga innan námskeiðs. Kennslugreinar eru þessar og skiptast þannig milli námskeiðsáfanga:

I. áfangi

Grundvallarreglur reikningsskila.

Lög og reikningsskilavenjur.

Reikningsskilagerð.

II. áfangi

Rafræn skattskil einstaklinga og lögaðila.

Áhrif upplýsingatækni á reikningshaldskerfi.

Reikningshaldlegt innra eftirlit í viðskiptaferlum.

III. áfangi

Lög og reglur.

Samskipti við skattyfirvöld.

Úrskurðir, dómur og álit.

Að loknum hverjum áfanga skal halda próf úr námsefni þess áfanga. Prófnefnd tekur ákvörðun um það námsefni sem prófað er úr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elva Ósk S. Wium.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps sér til þess, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau flát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda flátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpflátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Sorpgámum er komið fyrir á völdum stöðum í sveitarfélaginu. Í sorpgáma má aðeins setja heimilisúrgang. Ábúendur eða eigendur lögbýla, eigendur sumarbústaða og hjólhýsa sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma úrgangi í gámanna eftir þörfum.

4. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpflát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpflát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpflátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframúrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.